

---

**FUNDARGERÐ**

<b>Fundur:</b>	<b>Raforkuhópur 2011-03</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Fimmtudagur 7. apríl 2011 kl. 14:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Orkustofnun, Grensásvegi 9</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Notkunarflokkar raforku 2010. 3) Aflþörf raforkukerfisins 2010. 4) Breytingar á raforkuspá og forsendur endurreiknings. 5) Raforkunotkun stóriðju. 6) Mælingar á raforkuvinnslu. 7) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Íris Baldursdóttir Ívar Þorsteinsson Gunnar Aðalsteinsson Ásgeir Sigtryggsson Sigurður Ágústsson Baldur Dýrfjörð
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Pétur E. Þórðarson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar. JV spurði hvort fréttatilkynning hefði verið sett á heimasíðu nefndarinnar. ÍP sagði að ekki væri búið að því.
- 2) IB fór yfir nokkrar myndir varðandi notkunarflokkana og sagði að síðustu gögn hefðu komið í lok mars. Viðaukar 2 og 3 eru langt komnir. JV benti á að rétt væri að breyta heitum á dálkum í töflu yfir raforkunotkun eftir notkunarflokkum í samræmi við sundurgreiningu í spánni (Úttekt frá vinnslufyrirtækjum og Úttekt frá flutningskerfinu). Dæling á Nesjavöllum og Svartsendi færir þá á milli dálka. ÍP sagði að búið væri að úrskurða að Fura mætti ekki vera með úttekt beint frá flutningskerfinu. IB fór yfir breytingar á raforkunotkun á síðasta ári. Heimilisnotkun minnkar um 0,4%. Minnkun er um 4,8% í almennri notkun í iðnaði, aðallega í ótryggðri orku. Í þeim flokki var veruleg aukning í raforkunotkun við fiskfrystingu, en veruleg minnkun í fiskimjölsverksmiðjum, sementsgerð, steinullargerð og byggingarstarfsemi. Notkun í þjónustu minnkaði um 1,5%.

ÁS spurði hve góð gögnin um notkunarflokkana væru. JV sagði rafveiturnar leituðust við að tryggja að alltaf sé farið yfir notkunarflokkinn við skráningu veitu. Nokkur umræða var um þennan þátt. BD benti á að ýmsir teldu að þessi vinna væri gagnslaus og þjónaði engum tilgangi. JV sagði að alla tíð hefðu heyrst slíkar raddir frá ákveðnum aðilum. BD lagði til að hópurinn kynnti betur starfsemi sína og mikilvægi þeirra ganga sem hópurinn safnar saman til að betri skilningur verði á störfum hópsins.

- 3) IB fór yfir gögn um afl og sagði að viðauki 5 væri kominn að hluta, einungis væru eftir tölur um álag á aðveitustöðvar. Hann fór yfir viðaukann og nokkrar myndir.
- 4) JV sagði að við þyrftum að renna yfir almennu forsendurnar og gera breytingar sem við teldum þörf á fyrir endurreikninginn. Hagstofan mun endurskoða mannfjöldaspá árlega hér eftir og sagðist JV hafa farið á fund hjá Hagstofunni vegna þess en hann er í ráðgjafarnefnd um mannfjöldaspár. ÁS benti á að mikið væru nú um að menn væru að setja varmadælur í sumarbústaði.
- 5) Íris sagði að enginn nýr samningur lægi fyrir um stóriðjunotkun. Bilun sem varð hjá Fjarðaáli gerði það að verkum að þeir nota nú um 10 MW minna en vanalega.
- 6) IB hafði tekið saman minnisblöð um mælingar í virkjunum. Rætt var um þessar mælingar en IB mun senda minnisblöðin á fundarmenn eftir fundinn og rætt verður frekar um þau á næsta fundi.
- 7) ÍP sagði að Orkustofnun þyrfti að vinna upp gögn um afl í virkjunum og þar meðtaldar varastöðvar. ÁS sagði að Landsnet væri með slíkan lista en án varastöðva. JV benti á að mikilvægt væri að uppfæra þessi gögn í gagnagrunni Orkustofnunar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:15. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 5. maí 2011.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

-

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Myndir um notkunarflokka og aflþörf á árinu 2010.

- Notkunarflokkar 2010, excel skjal.
- Aflþörf raforkukerfisins 2010, excel skjal.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni